

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 19. desember 2013 kl. 10:00-11:30 í Nýja Garði

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Arnfríður Guðmundsdóttir (GUÐ), Höskuldur Þráinsson (MVS), Irma Erlingsdóttir (EDDA), Benedikt Hjartarson (B&L), Kolfinna Jónatansdóttir (DOKT), Gunnar Harðarson (HEIM), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Guðni Elísson (RIKK) og Vilhjálmur Árnason (SIÐ) boðuðu forföll.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Samþykkt.

2. *Vísindanefnd Háskólaráðs*: IE sagði frá stöðu mála. Fagrað hugvísinda að klára mat umsókna. Fyrir Hugvísindasvið kemur best út að miða við aflstig (í stað venjulegra rannsóknastiga).

3. *Rannsóknasjóður: úthlutun nýrra styrkja*: ESS gerði grein fyrir umsóknum. Samþykkt einróma að veita styrki upp á 3.230.000 kr. Kalla þarf eftir nánari upplýsingum um nokkrar umsóknir sem gæti hækkað upphæðina upp í allt að 4.130.000 kr. Beiðni HEIM um að fresta notkun styrks frá vorinu 2013 til vorsins 2014 var samþykkt. Listi yfir úthlutun er í viðhengi.

4. *Drög að nýjum reglum um doktorsnám*: Drög að nýjum reglum um doktorsnám við Hugvísindasvið voru send út fyrir fundinn. Eftirfarandi athugasemdir komu fram á fundinum:

- a) Vísa í Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms í 10. gr.
- b) Hafa bæði ágríp og samantekt í doktorsritgerðum, sbr. 12. gr.
- c) Vantar skýrari ákvæði um hvað átt er við með “alþjóðlega viðurkenndur sérfræðingur” í 13. gr. (um andmælendur).

5. *RIKK: breyting á reglum*: Samþykkt samhljóða að breyta nafni RIKK í “Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum.” Stjórn RIKK jafnframt falið að endurskoða reglurnar að öðru leyti með tilliti til nafnabreytingarinnar.

4. *Önnur mál*:

- a) MGU kynnti nýtt sniðmát fyrir útgáfu doktorsritgerða. Tillagan fékk stuðning stjórnar.

Fundi slitið kl. 11:30

Viðhengi: Úthlutun úr Rannsóknasjóði

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Úthlutun 2013-2

Umsækjandi	Fl.	Lýsing	Niðurstaða	Mög. viðbót
B&L-1	4	Útgáfa bókarinnar <i>Íslensk bragfræði</i> ásamt Háskólaútgáfunni.	175.000	-
B&L-2	4	Útgáfa bókarinnar <i>Hugsjónir og sviðsetning í evrópskri leiklist</i> ásamt Háskólaútgáfunni.	175.000	-
B&L-3	2	Ráðstefna með The myth study group. Sótt um fyrir leigu á sal.	25.000	275.000
B&L-4	2	Rástefna á vegum Empathy verkefnisins.	25.000	275.000
B&L-5	3	Heimsókn Hélène Tétrel í mars á vegum Miðaldastofu.	100.000	-
B&L-6	5	Málfarsaðstoð vegna greinar í tímaritinu <i>International Research in Childrens Literature</i> .	40.000	-
GTS-1	2	Málþing í samstarfi við Stofnun Sigurbjörns Einarssonar; tvö hefti ritraðar.	375.000	-
HSP-1	5	Málfarsaðstoð vegna birtingar greinar í ritgerðasafni hjá LIT Verlag.	40.000	-
HSP-2	4	Útgáfa tveggja bóka: <i>Listhugtakið í heimspeki samtímans</i> og <i>Hugað með Platóni</i> .	350.000	-
HSP-3	3	Koma erlends fræðimanns í apríl 2014: Robin R. Wang.	100.000	-
KONF-1	1	Alþjóðlegt málþing um Konfúsíanismi og Kína haldið 7. september sl.	300.000	-
MIÐ-1	2	Málþing (ft.) um Klausturmenningu og Norðurlönd veturinn 2013-14.	25.000	-
SAGN-1	4	Útgáfa tveggja bóka: <i>Dagur vinnu og vonar</i> og <i>Háborgin</i> .	350.000	-
SAGN-2	1	Ráðstefna (workshop) vegna Skálholtsrannsókna.	125.000	175.000
SIÐ-1	1	Ráðstefna um lýðræði í janúar 2014	125.000	175.000
SVF-1	1+3	Borgesráðstefna 25. október sl.	125.000	-
SVF-2	1	Camus-málþing 6. desember sl.	125.000	-
SVF-3	1	Rómanistaþing ágúst 2014	300.000	-
SVF-4	4	Útgáfa tveggja bóka:	350.000	-
Samtals			3.230.000	900.000